

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2003 frá 20. júní 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/878/EB frá 6. nóvember 2002 um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á tilvist lindýrasjúkdómanna bónamíosis (*Bonamia ostreae*) og marteilíosis (*Marteilia refringens*) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/879/EB frá 4. nóvember 2002 um breytingu á ákvörðun 2002/304/EB að því er varðar áætlanir, sem beitt er í Finnlandi, til að ná stöðu viðurkenndra svæða með tilliti til fisksjúkdómanna veirubæðingar og iðradreps ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/1005/EB frá 23. desember 2002 um aðra breytingu á ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirubæðingar og iðradreps ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Þessi ákvörðun gildir ekki í Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Hluti 4.2. í I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 51, 9.10.2003, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 305, 7.11.2002, bls. 57.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 305, 7.11.2002, bls. 59.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 349, 24.12.2002, bls. 109.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 66. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB):

„- **32002 D 1005**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/1005/EB frá 23. desember 2002 (Stjtið. EB L 349, 24.12.2002, bls. 109).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 67. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/598/EB):

„68. **32002 D 0878**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/878/EB frá 6. nóvember 2002 um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á tilvist lindýrasjúkdómanna bónamíosis (*Bonamia ostreae*) og marteilíosis (*Marteilia refringens*) (Stjtið. EB L 305, 7.11.2002, bls. 57).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.“

3. Eftirfarandi bætist við á eftir 52. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/304/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“:

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 D 0879**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/879/EB frá 4. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 305, 7.11.2002, bls. 59).“

2. gr.

Texti ákvarðana 2002/878/EB, 2002/879/EB og 2002/1005/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann